

Kynjabókhalð KÍ 2016

KENNASAMBAND ÍSLANDS

Jafnréttisnefnd KÍ


Efnisyfirlit

KENNARASAMBAND ÍSLANDS	3
Jafnréttisnefnd KÍ.....	4
Útgáfuráð KÍ.....	4
Fræðslunefnd KÍ.....	5
Félagslegir trúnaðarmenn	5
AÐILDARFÉLÖG KÍ.....	6
<i>Formenn og varaformenn aðildarféлага KÍ 2016.....</i>	<i>6</i>
Félag leikskólakennara	7
Félag stjórnenda leikskóla	7
Félag grunnskólakennara	8
Skólastjórafélag Íslands.....	9
Félag framhaldsskólakennara.....	9
Félag stjórnenda í framhaldsskólum.....	10
Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.....	11

KENNASAMBAND ÍSLANDS

Árið 2015 ákvað jafnréttisnefnd KÍ að hefja gerð kynjabókhalds KÍ. Þau ár sem ekki eru haldin þing KÍ breytist þó almennt lítið varðandi fulltrúa sambandsins í stjórnnum, nefndum og ráðum þess. Í kynjabókhalði KÍ er því eingöngu farið yfir helstu atriði sem hafa breyst frá því á síðasta ári hvað varðar starfsemi KÍ. Ítarleg grein er þó gerð fyrir kynjahlutföllum innan hvers aðildarfélags KÍ hér síðar í samræmi við kynjabókhalð KÍ 2015. Kynjabókhalðið er byggt á tölum miðað við mars/apríl 2016.

Félagsmenn KÍ í mars 2016 voru rúmlega tíu þúsund, 8.311 konur og 2.047 karlar (sjá mynd 1). Breyting á kynjahlutfalli milli árunna 2015 og 2016 er þannig að konur voru 80% en eru nú 81% og karlar voru 20% en eru nú 19%.




Mynd 1. Kynjaskipting félagsmanna KÍ 2016

Kynjahlutföll eru óbreytt í eftirtöldum stjórnnum, nefndum og ráðum:

- Stjórn KÍ
- Skólamálaráði KÍ og framkvæmdastjórn þess
- Stjórn Orlofssjóðs (fyrir utan að einn karl bættist við sem varamaður)
- Stjórn sjúkrasjóðs KÍ
- Stjórn vinnudeilusjóðs KÍ
- Kjörstjórn (fyrir utan að einn karl bættist við sem varamaður)
- Framboðsnefnd KÍ
- Siðaráði KÍ
- Vinnuumhverfisnefnd KÍ
- Skoðunarmenn reikninga KÍ
- Fulltrúar í erlendu samstarfi fyrir hönd KÍ

Margir fulltrúar á vegum KÍ og aðildarfélaganna starfa í hinum ýmsu **nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta og ýmissa stofnana, samtaka og hagsmunaaðila**. Árið 2015 voru skráðir 118 einstaklingar í þessum hópum, konur voru 68% og karlar 32%. Breytingar eru óverulegar milli árunna 2015 og 2016.


Jafnréttisnefnd KÍ



Mynd 2. Fjöldi kvenna og karla í jafnréttisnefnd KÍ 2016

Ein kona vék úr jafnréttisnefnd og í hennar stað var skipaður karl. Stjórn KÍ skipar þrjá til fimm fulltrúa í jafnréttisnefnd skv. tillögum frá aðildarfélögum KÍ. Aðildarfélög skólastjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla tilnefna allajafna einn fulltrúa sameiginlega í nefndina.


Útgáfuráð KÍ



Mynd 3. Fjöldi kvenna og karla í útgáfuráði KÍ 2016

Ein kona vék úr útgáfuráði og varamaður sem tók hennar sæti var karl. Stjórn hvers aðildarfélags tilnefnir einn fulltrúa í útgáfuráð og einn til vara. Auk þeirra sitja tveir starfsmenn útgáfusviðs KÍ í ráðinu og formaður og varaformaður KÍ.


Fræðslunefnd KÍ



Mynd 4. Fjöldi kvenna og karla í fræðsluráði KÍ 2016

Í lok árs 2015 vék ein kona úr nefndinni og karl kom í hennar stað. Í fræðslunefnd sitja varaformaður KÍ sem stýrir starfi hennar og fulltrúar FG, FF, FL og FT, einn fulltrúi stjórnendafélaganna (SÍ, FSL og FS) auk starfsmanns Siðaráðs, jafnréttis- og vinnuumhverfisnefndar KÍ.

Félagslegir trúnaðarmenn




Mynd 5. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla sem eru trúnaðarmenn í aðildarfélögum og KÍ 2016

Breyting á milli árunna 2015 og 2016 hvað varðar félagslega trúnaðarmenn KÍ er óveruleg. Konur voru 83% en eru nú 82% og karlar voru 17% en eru nú 18%.

Nokkur breyting varð reyndar milli ára hjá Félagi framhaldsskólakennara en sú breyting skýrist af því að að fram til 2016 hafi bæði trúnaðarmenn og varatrúnaðarmenn verið skráðir sem trúnaðarmenn FF í félagaskrá. Frá 2016 eru aðeins aðaltrúnaðarmenn skráðir. 2015 voru 49 konur skráðar og 27 karlar en 2016 eru konur 22 og karlar 29.

AÐILDARFÉLÖG KÍ

Aðildarfélög KÍ eru átta, þ.e. Félag grunnskólakennara (FG), Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag leikskólakennara (FL), Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag stjórnenda leikskóla (FSL) og Félag kennara á eftirlaunum (FKE).



Mynd 6. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla sem eru trúnaðarmenn í aðildarfélögum og KÍ 2016

Eins og áður kom fram eru félagsmenn KÍ í mars 2016 rúmlega tíu þúsund, eða 8.311 konur og 2.047 karlar. Félagsmenn FKE eru ekki inn í þessum tölum þar sem þeir eru ekki skráðir sem virkir félagsmenn í félagaskrá KÍ. **Óverulegar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum innan aðildarfélaga KÍ milli ára 2015 og 2016.**


Formenn og varaformenn aðildarfélaga KÍ 2016

Engar breytingar hafa orðið á formönnum eða varaformönnum KÍ og aðildarfélaganna frá árinu 2015.

Aðildarfélag	Formaður	Varaformaður
FL	♂ Haraldur F. Gíslason	♀ Fjóla Þorvaldsdóttir
FSL	♀ Ingibjörg Kristleifsdóttir	♂ Sigurður Sigurjónsson
FG	♂ Ólafur Loftsson	♀ Guðbjörg Ragnarsdóttir
SÍ	♀ Svanhildur M. Ólafsdóttir	♀ Ingileif Ástvaldsdóttir
FF	♀ Guðríður Arnardóttir	♀ Hanna Björg Vilhjálmisdóttir
FS	♂ Ólafur H. Sigurjónsson	♀ Snjólaug Bjarnadóttir
FT	♀ Sigrún Grendal	♀ Ingunn Ósk Sturludóttir
FKE	♀ Þóra Alberta Guðmundsdóttir	♀ Þóra Kristinsdóttir

Tafla 1. Formenn og varaformenn aðildarfélaga KÍ 2016

Félag leikskólakennara




Mynd 7. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FL, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðadeilda

Ein kona er varamaður í stjórn FL, varamenn í samningnefnd eru 3 konur og varamenn í skólamálanefnd eru tvær konur.

Í stjórn Vísindasjóðs FL og FSL situr einn fulltrúi FL, einn fulltrúi FSL og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FL og FSL er konur og fulltrúar SNS eru karlar.

Í framboðsnefnd sitja þrjár konur en engin til vara. Í kjörstjórn sitja þrjár konur og tvær til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur.

Félag stjórnenda leikskóla



Mynd 8. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FSL, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðadeilda FSL


Svæðadeildir FSL eru níu en í tveimur þeirra eru tveir formenn/aðalmenn. Að öðru leyti eru kynjahlutföll hjá FSL óbreytt frá árinu 2015.

Varamenn í stjórn FSL eru þrjár konur, í samninganefnd tvær konur og í skólamálanefnd tvær konur.

Í stjórn Vísindasjóðs FL og FSL situr einn fulltrúi FL, einn fulltrúi FSL og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FL og FSL er konur og fulltrúar SNS eru karlar.

Í framboðsnefnd sitja þrjár konur og tvær til vara. Í kjörstjórn sitja þrjár konur og tvær til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur.

Félag grunnskólakennara



Mynd 9. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FG, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga FG


Einn karl vék úr samninganefnd félagsins og kona kom í hans stað. Vegna breytinga í stjórn FG er einn varamaður eftir í samninganefnd og það er kona.

Varamenn í stjórn FG eru þrjár konur og einn karl. Varamenn í skólamálanefnd eru þrjár konur.

Í stjórn verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Vonarsjóðs, sitja tveir fulltrúar FG, einn fulltrúi SÍ og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FG eru konur, fulltrúi SÍ er karl og fulltrúar SNS eru tvær konur.

Í kjörnefnd sitja tvær konur, einn karl og þrjár konur til vara. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur en varamaður er karl.

Skólastjórafélag Íslands




Mynd 10. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í SÍ, stjórn, samninganefnd, kjararáði, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga SÍ

Breyting varð á Kjararáði SÍ þar sem ein kona vék og karl kom í hennar stað. Kynjaskipting formanna svæðafélaga SÍ breyttist þannig að árið 2016 eru tveir karlar formenn (voru þrír) og sex konur (voru fimm).

Varamenn í stjórn SÍ eru ein kona og tveir karlar. Félagslegir skoðunarmenn eru einn karl og ein kona og á það einnig við um varamenn.

Í stjórn verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Vonarsjóðs, sitja tveir fulltrúar FG, einn fulltrúi SÍ og tveir fulltrúar SNS. Fulltrúar FG eru konur, fulltrúi SÍ er karl og fulltrúar SNS eru tvær konur.

Félag framhaldsskólakennara



Mynd 11. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FF, stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga FF

Einn karl vék úr stjórn FF og kona kom í hans stað. Stjórn FF 2016 er því skipuð fjórum konum og einum karli. Kona vék úr samninganefnd og karl kom í hennar stað svo þar sitja þrír karlar og tvær konur. Nokkrar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum hjá formönnum félagsdeilda þar sem árið 2016 eru 19 karlar og 12 konur. Árið 2015 voru 12 karlar og 20 konur formenn.


Einn karl er varamaður í stjórn FF og ein kona er varamaður í samninganefnd. Kosið verður í haust og þá mun varamönnum fjölga. Varamenn í skólamálanefnd eru einn karlar.

Í stjórn Vísindasjóðs FF og FS sitja tveir fulltrúar FF, ein kona og einn karl, ásamt fulltrúa FS sem er kona. Varamenn í stjórn eru tvær konur.

Í uppstillingarnefnd sitja tvær konur, einn karl og tveir karlar til vara. Í kjörstjórn sitja tvær konur, einn karl en varamenn vantar. Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru karl og kona og varamaður er kona.

Í samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara á FF tvo fulltrúa, báðar konur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis er karl, fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla er karl og fulltrúi Háskóla Íslands er kona.


Félag stjórnenda í framhaldsskólum



Mynd 12. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FS og stjórn FS

Í varastjórn eru einn karl og ein kona. Í framboðsnefnd sitja tvær konur og einn karl. Félagslegir skoðunarmenn reikninga FS eru tveir karlar og einn til vara.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum



Mynd 13. Hlutfall/fjöldi kvenna og karla í FT, stjórn, samninganefnd, fagráði tónlistarskóla og formenn svæðafélaga FT

Varamenn í stjórn eru þrír karlmenn. Félagsslegir skoðunarmenn reikninga eru tvær konur og einn karl til vara.

Í stjórn starfsmenntunarsjóðs tónlistarkennara á FT einn fulltrúa sem er karl, fulltrúi Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) er líka karl og fulltrúar SNS eru báðir karlar.

Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985. Í nefndinni á sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem er karl, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, sem er karl, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, sem er kona (varamaður fulltrúa FT er karl) og tveir fulltrúar án tilnefningar og eru þeir kona og karl.

Prófanefnd tónlistarskóla var sett á fót að frumkvæði Sambands tónlistarskólastjóra (STS), FT og FÍH að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í prófanefnd tónlistarskóla er fulltrúi FT og FÍH kona (varamaður líka kona), tveir fulltrúar kosnir af fulltrúaráði eru karlar (varamenn eru karl og kona), fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga er karl (varamaður líka) og fulltrúi STS er kona (varamaður líka).